

Til Sambandsaðila BFSÍ

Reykjavík, 10. Febrúar 2023

Efni: Bogfimiþing BFSÍ 2023 – fyrri þingboð

Ágætu félagar,

Bogfimisamband Íslands boðar hér með til bogfimiþings **11. Mars 2023 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal kl. 13:00.**

Á bogfimiþingi hafa fulltrúar þeirra sambandsaðila sem eru skuldlaus við BFSÍ fjórum vikum fyrir bogfimiþing einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á þinginu, með málfrelsi og tillögurétt hafa allir eftirfarandi þingfulltrúar:

1. stjórn BFSÍ;
2. framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri ÍSÍ;
3. héraðssambönd og íþróttabandalög;
4. fastráðnir starfsmenn BFSÍ;
5. allir nefndarmenn/fulltrúar BFSÍ;
6. fulltrúi menntamálaráðherra;

Auk þess getur stjórn BFSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu telji hún ástæðu til.

Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu og framboð skulu berast stjórn BFSÍ minnst 3 vikum fyrir þing, þ.e. 18. febrúar.

Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingið, þ.e. 25. febrúar, skal BFSÍ senda sambandsaðilum síðara fundarboð í tölvupósti með dagskrá þings og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið ásamt kjörbréfi.

Með kveðju,
Bogfimisamband Íslands



Guðmundur Örn Guðjónsson
Formaður BFSÍ